

1. Réttindaviðræðurnar.

Frá því í september hefur starf réttindanefndar BSRB að mestu leyti snúist um réttindaviðræður BSRB, BHM og KÍ við fjármálaráðuneytið, launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Eins og kom fram í bréfi sem sent var til allra formanna aðildarfélaga BSRB í byrjun desember, þá hefur náðst áfangi í þeim viðræðum og verður samkomulagið undirritað núna fyrir jól. Samkomulagið verður hluti af kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga og tekur gildi hvað varðar fyrstu og aðra grein þann 1. janúar 2005 en inntak bókunarinnar tekur gildi við samþykkt kjarasamnings hlutaðeigandi stéttarfélags (Fylgiskjal 1).

Þá náðist samkomulag milli samninganefndar Reykjavíkurborgar og BSRB um viðbótarframlag í lífeyrissjóð. Tekur það gildi 1. janúar 2005.

Réttindaviðræðunum um vinnutíma og málefni vaktavinnufólks verður svo haldið áfram eftir áramót.

2. Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum.

Þann 2. desember sl. setti félagsmálaráðherra reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum og eru þær settar samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Markmiðið gegn þessum reglum er að innan vinnustaða verði stuðlað að markvissum forvörnum og aðgerðum gegn einelti á vinnustað. Reglugerð þessa er m.a. að finna á heimasíðu BSRB.

3. EES-tilskipanir

Á grundvelli EES-samningsins hafa komið fram nokkrar tilskipanir á sviði félagslegra réttinda sem þarf að innleiða í íslenskan rétt annað hvort með kjarasamningi eða lögum.

- Tilskipun nr. 2002/14/EB, um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna og samráð við þá innan Evrópubandalagsins. Tilgangurinn með henni er að setja almennan ramma þar sem settar eru fram lágmarkskröfur um rétt launafólks til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum eða starfsstöðvum. Þessa tilskipun sendi undirrituð til allra formanna þann 20. febrúar 2004 til kynningar.
- Tilskipun um vinnutengt stress sem samið var um á evrópvísu milli ETUC og UNICE.
- Breyting á vinnutímatilskipuninni. (sjá meðfylgjandi greinargerð um breytingarnar, fylgiskjal 2)

Þá er til umfjöllunar á vettvangi Evrópusambandsins tillaga framkvæmdastjórnar sambandsins um þjónustutilskipunina, en eins og vitað er þá hefur BSRB harðlega gagnrýnt þessa tillögu. Tillagan mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir almannaþjónustu og félagsleg réttindi launafólks. BSRB hefur sent frá sér umsögn um þessa tilskipun og hana er hægt að sjá á heimasíðu BSRB.

4. Ráðgjafanefnd EFTA.

Þann 14. desember sl. var fundur hjá ráðgjafanefnd EFTA. Meðfylgjandi er skýrsla frá þeim fundi (fylgiskjal 3).